

Árborg
Bárður Guðmundsson
Ráðhúsi Austurvegi 2
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 17. mars 2015
UST201503-115/B.S.


Efni: Deiliskipulag - Austurvegur 51 – 59. Umsögn


Vísað er til bréfs Árborgar dags. 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er um að ræða deiliskipulag innan þéttbýlis á Selfossi. Deiliskipulagssvæðið liggur að Austurvegi þar sem gætir nokkurs hávaða frá umferð. Umhverfisstofnun telur að við gerð deiliskipulagssins verði þess gætt að hljóðstig við íbúðarhús verði í samræmi við viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Björn Steinarsson
Sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur